



STAPASKÓLI

Gleði • Vinátta • Samvinna • Virðing

Valgreinar í 7.- 10. bekk
Skólaárið 2022-2023

Námsskipan og valgreinar í 7. – 10. bekk skólaárið 2022-2023

Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinarnar og kröfur um ástundun og árangur eru á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum. Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Valgreinar eru ýmist kenndar allt skólaárið eða í 8 – 9 vikna lotum.

Í þessu hefti eru upplýsingar um þær valgreinar sem verða í boði í Stapaskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur verið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn valinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður valgrein ef umsækjendur eru of fáir.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum eða forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða kennara einstakra greina og fá hjá þeim leiðsögn. Skipulag á stundatöflu nemenda fyrir komandi vetur tekur mið af valgreinum og því ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

Nemendur eru beðnir að vera búnir að skila inn sínu vali fyrir 3. júní nk. Valið er gert rafrænt á viðkomandi slóð (<https://www.stapaskoli.is/is/nam-kennsla/valgreinar>).

Með kveðju
Skólastjórn

Valgreinar sem kenndar eru allt árið

ATH. aðeins í boði fyrir nemendur í 8. – 10. bekk

Íþróttir/þjálfun – í samvinnu við íþróttafélag

Þetta er valfag fyrir nemendur sem hafa stundað sömu íþrótt undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSí sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að fá undirskrift frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Eyðublaðið fá nemendur hjá aðstoðarskólastjóra í upphafi skólaárs.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar undir stjórn þjálfara. Stapaskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift þjálfara og forráðamanns fjórum sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í íþróttinni.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Námsmat: Lokið/ólókið.

Tónlistarnám – í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Þetta er valfag fyrir nemendur sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur greiða sjálfir skólagjöld og annan kostnað til Tónlistarskólans.

Markmið: Að viðurkenna tónlistarnám nemenda og hvetja þá til að taka tónlistarnám sitt alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda tónlistarnám undir leiðsögn tónmenntakennara. Stapaskóli metur tónlistarnámið til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift tónlistarkennara og forráðamanns fjórum sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í náminu.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Námsmat: Lokið/ólókið.

Ef nemandi hættir í tómstund/íþrótt ber foreldrum/nemenda skylda til þess að láta aðstoðarskólastjóra vita um leið sem úthlutar nemanda þá nýja valgrein.

Fjörheimaval

Kennt í Fjörheimum (88 húsinu) að kvöldlagi kl. 19:30 – 21:30.

Stapaskóli

Markmið: Að nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt í klúbbstarfi og sækji þá fræðslu sem boðið er uppá. Nemandur kynnast krökkum úr öðrum skólum og vinna með þeim að ýmsum verkefnum.

- Afþreyingargildi
 - að nemandur eiga góðar stundir með jafnöldrum
- Menntunargildi
 - mikilvægt að í frítíma fáið ungmenni við fjölbreytt og skapandi verkefni
- Forvarnargildi
 - þátttaka í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi

Kennslutilhögun: Nemandur mæta í klúbb að minnsta kosti einu sinni í viku og taka þátt í því starfi sem þar er boðið uppá.

Námsmat: Mætingar, áhugi og virkni metinn.

Athugið að þessi valgrein er kennd að kvöldlagi í Fjörheimum og þurfa nemandur sjálfir að koma sér á staðinn. Nemandur geta að sjálfsögðu nýtt sér Fjörheimaskutlarann en þá hringja þeir í símanúmerið 768-7488 og biðja um að vera sótt. Starfsfólk Fjörheima sér um að keyra bílinn og ná í nemendur.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Nemandur velja sér einn klúbb/ ráð:

- Sk8roots (mánudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Tónlist, tækni og íþróttir (miðvikudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Föstudagsklúbburinn (föstudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Unglingaráð Fjörheima (þriðjudaga kl. 20:30 – 21:30)

Námsmat: Lokið/ólókið. Mætingarskylda einu sinni í viku frá kl. 19:30 – 21:30

Unglingadeildin Klettur

Unglingadeildaval í samstarfi við Björgunarsveitina Suðurnes.

Athugið – aðeins í boði fyrir 9. og 10. bekk

Nemandur stunda nám í Unglingadeildinni Klettur og mæta á fundi á fimmtudagskvöldum kl. 20:00 – 22:30. Nemandur mæta jafnframt í dags og helgarferðir einu sinni til tvisvar á önn. Nemandur mæta sjálfir þeim kostnaði sem fellur við ferðirnar en honum er haldið í lágmarki og koma nemandur oftast sjálfir með nesti.

Markmið: Að nemandur:

- Verði sjálfstæðir einstaklingar.
- Læri allt sem tengist útivist og ferðamennsku og fundið athafnaprá sinni farveg.

Stapaskóli

- Kynnist starfi björgunarsveita.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Námsmat: Umsögn um nemendur ásamt skráningunni lokið eða ólokið. Nemendur þurfa að vera með yfir 80% mætingu til að fá lokið í valinu.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Athugið – aðeins í boði fyrir 9. og 10. bekk.

Kennsla í FS frá kl. 14:50 til 16:15	
Þriðjudagar	Miðvikudagar
Enska – ENSK2KO05 (10 b.)	Stærðfræði – STÆR2AH05 (10 b.)
Rafmagn – RAFG1KY05 (9. og 10. b.)	Húsmíði – HUSA1KY05 (9. og 10. b.)
Textill og hár – TXHÁ1FH05 (9. og 10. b.)	Forritun – FORR2PH05 (9. og 10. b.)
	Spænska – SPÆN1SO05 (10 b.)
	Þýska – ÞÝSK1BO05 (10 b.)

Inntökuskilyrði í valgreinar í FS:

Stærðfræði – STÆR2AH05: Nemandi uppfyllir skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar. Inntökuskilyrði: Góð stærðfræðikunnátta, góð ástundun og virkni í námi. Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.

Meginefni áfangans er algebra, föll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Efnispættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: bókstafareikningur, veldi og rætur, jöfnur af öðru stigi, könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi, meðferð algebrubrota margliðudeiling, ójöfnur af fyrsta og öðru stigi og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Föll: fallhugtakið er innleitt og nokkur algeng föll kynnt.

Enska – ENSK2O05: Nemandi uppfyllir skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar. Inntökuskilyrði: Góð ensku kunnátta, góð ástundun og virkni í námi. Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á krefjandi texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér krefjandi orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan orðaforða og góðan skilning. Lesin eru bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi.

Þýska – ÞÝSK1BO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli. Inntökuskilyrði: góð tungumálakunnátta, góð ástundun og virkni í námi.

Stapaskóli

Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins í gegnum leiki, myndbrot og léttar talæfingar. Þeir eru þjálfaðir í framburði, lestri, hlustun, tali og ritun. Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða og samskipti. Í lok áfangans eiga nemendur að geta sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu, umhverfi og áhugamálum.

Hæfniviðmið áfangans er að nemendur skilji talað mál um kunnuglegt efni, ef talað er hægt og skýrt og tekið þátt í einföldum samræðum.

Spænska - SPÆN1SO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli. Einnig þurfa nemendur að vera með góða ástundun og virkni í námi.

Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti. Réttritun og framburður er æfður ásamt þjálfun í lesskilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, réttritun og lesskilningi.

Rafmagn - RAFG1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og rafmagnsverkfærum. Fjallað er um framleiðslu raforku og hvernig henni er dreift. Fjallað er um efni, efnisfræði og búnað í minni neysluveitum. Nemendur fá æfingu í að leggja lagnir í tiltekið lagnarými. Þá læra þeir að lóða með lóðbolta og að setja saman einfalt rafeindatæki. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir.

Húsasmiði - HÚSA1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Nemandi hannar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og verkfærum. Hluti námsins er bóklegur með skriflegum prófum.

Textíl og hár - TXHÁ1FH05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Kennslufyrirkomulag er þannig að aðra vikuna er textíl og hina hár. Nemendur kynnast tiskustraumum í hártísku, fatnaði og förðun. Textílhuti: Nemendur sauma t.d. leggings, bol/peysu, mjúkar buxur, tiskuteikning, litir o.fl. Hver og einn getur valið sér auðveld verkefni miðað við eigin stíl og fatasmekk. Kennt á saumavélar og

Stapaskóli

að taka mál og velja snið eftir vexti. Hársnyrtihluti: Nemendur vinna verklega hluta t.d. Hárpvott og næringarnudd. Fræðast um helstu hársnyrtivörur. Kenndar verða fléttur og einfaldar greiðslur. Farið í gegnum hár- og húðumhirðu ásamt létttri förðun. Kennd notkun áhalda, sléttujárn, krullujárn, keilujárn, bylgju og vöfflujárn.

Grunnur að forritun - FORR2PH05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag. Einnig þurfa nemendur að vera sterkir í stærðfræði.

Markmið áfangans er að nemendur kynnist forritun og grunnuppbyggingu forrita í gegnum forritunarmálið Python. Farið verður í breytur og tög, skilyrðissetningar, föll, gagnaskipan, lykkjur, inntak og úrtak og kynning á klösum og fleira.

Þekkingarviðmið

- Forritunarmálinu Python
- Grundvallaratriðum forritunar

Leikniviðmið

- Skrifa almenn forrit
- Leysa almennar þrautir forritunarlega

Hæfnisviðmið

- Halda áfram í frekara nám til að þróa háþróaðri tölvukerfi
- Skrifað einföld forrit

Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Tímarnir hefjast kl. 14:50 og þeim lýkur kl. 16:15.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars. Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefnin heima.

Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir skólinn, almennar upplýsingar og skólareglur.

Innritunargjald

Nemendur sem velja sér valgrein í FS þurfa að greiða innritunargjald kr. 6.000 en einnig getur bæst við efnisgjald í verklegum greinum.

Nemendaráð

Valgreinin er ætluð þeim sem hafa mikinn áhuga á félagsstörfum.

Markmið: að nemendur:

- efli sinn félagslega þroska t.d. sjálfsmynd og sjálfstraust
- efli færni sína í tjáningu og samskiptum
- efli leiðtogaþæfileika sína að þjálfa nemendur:
 - í lýðræðislegum vinnubrögðum
 - í skipulagningu og framkvæmd viðburða
 - í fundarsköpum, tjáningu og framsögn.

Kennslutilhögun: Hlutverk nemendaráðs Stapaskóla er m.a. að skipuleggja félagsstarf í skólanum, gæta að hagsmunum nemenda, miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans og taka þátt í viðburðum sem fram fara á skólaárinu. Ætlast er til að nemendaráð myndi góð tengsl við nemendur skólans og verði yngri nemendum góð fyrirmynd. Skólinn gerir þá kröfu til stjórnar nemendaráðs að í því sitji ábyrgir nemendur sem sýni af sér góða hegðun, frumkvæði í vinnubrögðum, stundi námið vel og hafi góða skólasókn. Nemendur vinna mikið í hópum og kynna hugmyndir sínar. Þeir læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim. Unnið verður markvisst að framsögn, fundarsköpum, efningu sjálfsmyndar og lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur sem eru í nemendaráði er skylt að vinna á viðburðum sem haldnir eru í skólanum. Farið verður yfir umsóknir og viðtöl tekin – ekki komast allir að sem vilja. Á haustin fer fram kosning á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda auk þess sem skipað verður í ýmsar nefndir. Áætlað er að nemendaráð taki virkan þátt í starfi skólans og taki á móti skólaheimsóknum fyrir hönd Stapaskóla. Fulltrúi frá nemendaráði situr fundi í skólaráði.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Námsmat: Ástundun, virkni og vinnusemi metin. Lokið/lokið.

Helstu viðburðir á skólaárinu:

- Sameiginleg diskótek fyrir 5.-7. bekk.
- Íþróttamót milli skóla og innan skóla.

Stapaskóli

- Diskótek og viðburðir fyrir nemendur Stapaskóla.
- Gettu ennþá betur fyrir 8.-10. bekk.
- Árshátíðarball fyrir 8.-10. bekk í Reykjanesbæ.

Leiklist

Tvær kennslustundir á viku

Markmið: Að nemendur öðlist sjálfstraust og færni til að koma fram og finni til ábyrgðar gagnvart hlutverki og flutningi þess. Að þeir átti sig á því að leiklist er samspil nokkurra þátta, og krefst þolinmæðisvinnu en er jafnframt ákaflega skemmtileg. Að nemendur hafi gagn og gaman af.

Kennslutilhögun: Æfa radd- og líkamsbeitingu og samhæfingu líkama, raddar og túlkunar, eins textatúlkun og samlestur sem og sviðsframkoma. Notaðar verða ýmsar upphitunaraðferðir jafnt til að losa um líkamstjáningu sem og raddbeitingu. Nota líkamann til túlkunar. Æfa það að flytja og túlka texta og túlka persónur/hlutverk með tilliti til líkamsbeitingar. Námskeiðið er þannig sett upp að fyrstu vikunnar fara í hópeflisleiki og æfingar í framkomu, en síðan er valið leikverk í sameiningu, sem nemendur koma til með að æfa og sýna svo í lok skólaárs. Nemendur taka mögulega þátt í Þjóðleik sem er leiklistarverkefni á vegum Þjóðleikhússins þar sem leiklistarhópar í flestum grunnskólum Reykjanesbæjar setja upp sömu leikritin og sýna á uppskeruhátíð í apríl/maí.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Skólahreysti/heilsurækt

Tvær kennslustundir á viku.

Farið er í grunnæfingar fyrir Skólahreysti þ.e. styrktar, þol og hraðaæfingar. Áhersla er lögð á tækniatriði og reglur í sambandi við Skólahreystibrautina. Fræðsla um næringu, svefn, markmiðasetningu og fleira.

Skólahreysti á að hvetja börn og unglinga til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun. Skólahreysti snýst ekki bara um að sigra eða vera bestur heldur að þroska andlegt og líkamlegt atgervi samhliða því að efla félagsleg samskipti kennara, nemenda og foreldra.

Markmið:

- Auki styrk, snerpu og þol
- Geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni
- Þjálfist í að taka þátt í undirbúningi fyrir mót
- Geti sett sér markmið
- Þjálfar fulltrúa okkar fyrir Skólahreystikeppnina
- Nemendur öðlist betri skilning á mikilvægi góðrar næringu og svefni.

Kennslutilhögun: Að mestu verkleg kennsla en bókleg kennsla er hluti af valinu.

Stapaskóli

Í byrjun hvers tíma taka nemendur upphitun og í framhaldi af því fer fram þreppjálfun. Að þreppjálfun lokinni fara nemendur í ýmsa skemmtilega leiki. Kennsla fer fram úti og inni.

Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar.

Námsmat: Áhugi, virkni, framfarir og árangur. Lokið/ólókið.

Valgreinar sem kenndar eru lotum

Aðstoð í kennslu leikskóla / uppeldisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi í leikskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn á leikskólastigi.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Aðstoð í Stapaskjóli (frístund) / uppeldisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi frístundaheimilisins og fái innsýn í þau störf sem þar er unnin eins og uppeldi, umönnun og afþreyingu fyrir börn.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn frístundaheimilisins.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Arkitektinn - líkanagerð

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Að efla nemendur í rýmisgreind og að þau kynnist því að hanna og byggja líkan af nýrri byggingu frá grunni.

Námsmat: Framkvæmd á vinnu við hönnun og byggingu á líkani metin.

Hæfniviðmið úr stærðfræði á unglingastigi metin í Mentor. Lokið/ólókið.

Á Líðandi stundu

Tvær kennslustundir á viku (ein lota).

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Fara yfir það helsta sem er að gerast í heiminum, ræða málin fram og til baka frá mörgum hliðum skiptast á skoðunum.

Nemendur skoða fréttaveitur og við ræðum hvað er að vekja áhuga hvað ekki og afhverju. Hvað finnst okkur um það sem er að gerast hverju sinni og hvernig sæum við það geta breyst eða ekki.

Stapaskóli

Markmið:

- Að nemandi kynni sér hvað er að gerast í heiminum
- Að nemandi öðlist færni í að færa rök fyrir skoðunum sínum á ábyrgan hátt.
- Að nemandi virði skoðanir annar þó þær séu ekki þær sömu og hans
- Að nemandi geti hlustað á skoðanir annara.

Kennslutilhögun: Umræður og upplýsingaöflun.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Bingó val

Tvær kennslustundir á viku (ein lota).

Nemendur spila bingó af margvíslegu tagi: hefðbundið bingó, lærdómsbingó, lestrarbingó, tæknibingó og útibingó. Nemendur læra líka að undirbúa stóra bingó viðburði: safna vinningum, auglýsa og stýra fjölda manns í bingó.

Markmið:

- Að nemendur skemmti sér.
- Að nemendur æfi sig í að setja sér markmið og fylgja fyrirmælum.
- Að nemendur haldi fjölmennan viðburð (bingó).



Kennslutilhögun: Í kennslustundum spilum við bingó og búum til margvíslega bingó leiki. Hluti valgreinarinnar fer fram utan skólatíma (söfnun vinninga og bingó viðburður).

Námsmat: Nemendur safna í ferilmöppu þeim verkefnum sem þeir hafa skapað og leyst. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.

Breakout Edu

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur kljást við að leysa Breakout þrautir, bæði með notkun kassanna og á netinu og vinna í hópum við að búa til Breakout leiki.

Markmið: Að nemendur þjálfist í þrautalausnum, efli rökhugsun og samvinnugetu.

Kennslutilhögun: Verkefni unnin í kennslustundum.

Námsmat: Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.

Enski boltinn

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Megintilgangur kennslu í enska boltanum er að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við enska knattspyrnu.

Stapaskóli

Kennslutilhögun: Tímarnir eru bóklegir. Í þeim er farið yfir enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum þar sem m.a. er farið yfir ýmsa tölfræði, efri og neðri deildir, árangur einstaklinga og liða, sögu félaga, leikgreiningu og fleira.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Excel

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Nemendur læri vel á forritið Excel og geti nýtt sér það í námi. Nemendur framkvæma tölfræðirannsókn og vinni úr gögnum.

Kennslutilhögun: Unnið verður í tölvum í kennslustundum að fjölbreyttum verkefnum ásamt því að framkvæma tölfræðirannsókn og vinna úr gögnum.

Námsmat: Ástundun, virkni í kennslustundum og verkefnaskil. Hæfniviðmið úr stærðfræði á unglingastigi metin í Mentor. Lokið/ólokið.

Ég um mig frá mér til mín

Tvær kennslustundir á viku (ein lota).

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Unnið er með sjálfsálit, sjálfsvirðingu og markmiðasetningu. Nemendur fá dagbók sem unnið er í. Farið er í ýmis verkefni þar sem nemendur vinna með eigin styrkleika og efla eigin sjálfsálit, samskipti og sjálfstjórn svo eitthvað sé nefnt.

Markmið: Að nemendur læri á eigin samskiptamynstur og þjálfist í samskiptum, geti lesið í eigin styrkleika og unnið með eigin sjálfstjórn.

Kennslutilhögun: Unnið er með fyrirlestra og sjálfsvinnu nemenda. Nemendur vinna verkefni, bæði skrifleg og í umræðum.

Námsmat: Umræður og samræður metnar (virkni) ásamt virkni í vinnu almennt. Lokið/ólokið

Fab Lab

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Fab Lab (Fabrication Laboratory) er smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur nemendum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfunu og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Markmið: Að nemendur geti hannað og smíðað einfaldan hlut með Fab Lab hugmyndafræðinni.

Kennslutilhögun: Kennt er í hönnunarsmiðju skólans. Ætlast er til að nemendur kynnist helstu undirstöðuatriðum fab lab, stafrænnar hönnunar og stafrænnar smíði.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Stapaskóli

Fjármálalæsi

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Farið verður yfir helstu atriði sem viðkoma almennum hlutum í daglegu lífi og snúa að fjármálalegum atriðum. Vextir, íbúðarkaup, lífeyrismál, sparnaður og fjárfestingar eru meðal umfjöllunarefna.

Markmið:

Við lok lotunnar getur nemandi:

- Þekkt muninn á inn- og útvöxtum.
- Greint frá ólíkum lánleiðum við kaup á fasteign.
- Skilið hvernig lífeyriskerfi virkar.
- Lagt sjálfstætt mat á hentugar sparnaðarleiðir.

Kennslutilhögun: Kennslan fer fram með fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Forritun

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Í forritunarvali kynnast nemendur forritun. Nemendur hanna og forrita tölvuleik, forrita vélmenni og kenndar verða einfaldar aðgerðir í forritun með aðstoð. Nemendur vinna sjálfstætt í forritinu "Swift Playgrounds" í iPad þar sem þeir læra að forrita í gegnum leik. Fylgst er með vinnu nemenda yfir lotuna og aðstoðað eftir þörfum.

Markmið: Að nemendur geti forritað einfaldar skipanir fyrir vélar eða vélmenni eða geti forritað einfalda leiki.

Kennslutilhögun: Kennt er í hönnunarsmiðju skólans. Ætlast er til að nemendur kynnist helstu undirstöðuatriðum forritunar og þekki helstu möguleika forritunar.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Franska

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Nemendur frá kynningu á franskri tungu, læri að kynna sig og segja einfaldar setningar. Nemendur læri tölurnar, litina og einfalda málfræði. Nemendur kynnist Frakklandi og franskri menningu.

Námsmat: Ástundun, virkni í kennslustundum og verkefnaskil. Lokið/ólokið.

Heimavinnuval

Tvær kennslustundir á viku.

Stapaskóli

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Nemendur fá tíma og aðstoð frá kennara við að vinna í heimaverkefnum. Ef nemendur eru ekki með heimanám vinna þeir í að bæta sig í ákveðnum hæfnipáttum eða nota tímann við yndislestur í frjálislestrarbók.

Námsmat: Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.

Heimilisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur læra að skipuleggja sína eigin máltíð, elda hana hvað þarf að huga að til að geta boðið fjölskyldu og/eða vinum í mat. Einnig kynnast nemendur gamaldags bakstursaðferðum, t.a.m. gerð lagköku.

Markmið:

- Að nemandi læri skipulagningu og sjái að undirbúningur skipti máli við gerð matar.
- Að nemandi öðlist færni í að vinna sjálfstætt og sýni vandvirkni og geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis.
- Að nemandi fái innsýn inn í kökuskreytingar

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Heimspeki

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Í heimspeki tala nemendur saman og pæla í lífinu og tilverunni. Spurningum er varpað til nemenda svo að þeir geti sagt sína skoðun og heyrt skoðanir annarra. Meðal umfjöllunarefna eru réttlæti, fegurð, ást og vinátta, skemmtun og leiðindi, sannleikur og lygi, jafnrétti og annað sem nemendur vilja sjálfir ræða.

Markmið:

Að nemendur komi skoðunum sínum á framfæri og heyri skoðanir annarra.

Að nemendur æfi sig í samræðu.

Að nemendur efli skapandi og gagnrýna hugsun.

Kennslutilhögun: Nemendur velja viðfangsefni milli þess sem heimspekilegar spurningar eru kynntar af kennara. Nemendur taka þátt í heimspekileikjum og samræðu.

Námsmat: Nemendur halda pælingabók. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.

Heklum saman

Tvær kennslustundir á viku (ein lota).

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Stapaskóli

Nemendur læra að hekla og hvernig á að nota helstu aðferðirnar. Valið er verkefni eftir áhuga og unnið í tímum með leiðsögn og hjálp frá kennara.

Markmið: Að nemendur læri að hekla valið verkefni sér til gagns og ánægju.

Námsmat: Virkni og vinnusemi. Lokið/ólókið

Jafnrétti og kynjafræði

Tvær kennslustundir á viku (ein lota).

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur pæla í hugmyndinni um jafnrétti.

Hvernig birtist jafnrétti? Er fullkomið jafnrétti

mögulegt? Hvar er skortur á jafnrétti í samfélaginu

okkar? Jafnrétti er skoðað í samhengi við

mannréttindi, aldur, kyn, fötlun og uppruna. Nemendur vinna lokaverkefni þar sem þeir búa til lýsingu á hinu fullkomna jafnréttis samfélagi.

Markmið:

- Að nemendur geti fjallað um jafnrétti á gagnrýninan hátt.
- Að nemendur vinni með öðrum á jákvæðan hátt.



Kennslutilhögun: Í kennslustundum verður kennari með fræðslu og leggur verkefni fyrir nemendur. Áhersla verður lögð á samræðu nemenda. Verkefni verða unnin í kennslustofunni en einnig gerðar kannanir utan valhópsins.

Námsmat: Nemendur safna verkefnum sínum og námsmati í ferilmöppu. Þáttaka í samræðu, ástundun og virkni í kennslustundum er metin. Lokið/ólókið.

Jólaskraut

Tvær kennslustundir á viku (ein lota, nr. 2).

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur koma saman í tímum og föndra ýmis margnota jólaskraut til að skreyta skólann. Notast er við ýmsan efnivið, allt frá pappírsföndri að laiser skera. Efniviður er svo skreyttur eftir ýmsum leiðum.

Markmið: Að nemendur fái tækifæri til að efla sköpunargáfu sína og gefa henni lausan tauminn.

Námsmat: Virkni, vinnusemi og áhugi. Lokið/ólókið

Leikir

Tvær kennslustundir á viku (ein lota).

Nemendur kynnst margvíslegum leikjum, inni og úti. Lærum nýja leiki og kennum hver öðrum. Dæmi um leiki sem fengist verður við eru t.d. hópleikir, hreyfileikir, spunaleikir, spurningaleikir, gátur og þrautir, athyglisleikir og ratleikir.

Markmið:

- Að nemendur skemmti sér.

Stapaskóli

- Að nemendur æfi í að fylgja fyrirmælum.
- Að nemendur vinni með öðrum á jákvæðan hátt.
- Að nemendur stýri félögum í leik.

Kennslutilhögun: Í hverri kennslustund verður ákveðin gerð leikja tekin fyrir. Kennari gefur hugmyndir og fyrirmyndir, leikir eru prófaðir og nemendur undirbúa nýja leiki sem þeir bjóða félögum sínum að taka þátt í.

Námsmat: Nemendur safna í ferilmöppu lýsingum á leikjum og mati á þátttöku sinni í margvíslegum leikjum. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólókið.

Ljósmyndun

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Í ljósmyndavali kynnast nemendur eigin myndavélum eða snjallsímum og fá tækifæri til að læra á og nota DSLR vél. Þá verður áhersla lögð á að skilja undirstöðu ljósmælingar þar sem unnið er með hraða, ljósop og ISO. Einnig verður farið í myndbyggingu, mismunandi nálgun á viðfangsefnum, myndvinnslu o.fl. Unnið verður með þemu þar sem nemendur þurfa að leysa ýmis verkefni og mikið verður lagt upp úr sköpun einstaklinganna.

Kenndar verða einfaldar aðgerðir í myndvinnsluforritum og jafnvel sett upp ljósmyndasýning á netinu og/eða göngum skólans.

Markmið: Að nemendur geti tekið eigin ljósmyndir og skilgreint myndform og lýst mynduppbyggingu.

Kennslutilhögun: Kennt er í hönnunarsmiðju skólans. Ætlast er til að nemendur kynnist helstu undirstöðuatriðum ljósmyndunar, mynduppbyggingu, myndformum og kynnist myndvinnslu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Macramé

Tvær kennslustundir á viku

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Farið verður yfir sögu macramé og helstu undirstöðuhnútar aðferðarinnar kenndir. Þegar nemendur hafa náð tökum á helstu hnútunum hanna þeir og hnýta sín eigin macramé blóma- og vegghengi.

Markmið:

Við lok lotunnar getur nemandi:

- Hnýtt helstu hnúta macramé aðferðarinnar.
- Hnýtt einföld macramé verkefni.
- Unnið sjálfstætt að hönnun á eigin macramé verki.
- Áætluð efnispörf fyrir verkefni.

Kennslutilhögun: Kennsla fer fram með sýnikennslu og verkefnavinnu.

Stapaskóli

Námsmat: Lokið/ólokið.

Manga og anime

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Lýsing: Nemendur lesa manga bækur, skoða myndir og kvikmyndir í anda anime og teikna í anda stílanna.

Markmið:

- Að nemendur njóti lesturs og kvikmyndaáhorfs.
- Að nemendur ræði um bókmenntir og kvikmyndir, tjái hugsanir sínar og skoðanir.
- Að nemendur vinni með öðrum á jákvæðan hátt.

Kennslutilhögun: Hópurinn hittist og les og segir frá góðum manga bókum. Lesið er heima og í kennslustundum og þessi lestur fléttast saman við annan lestur í skólanum (hægt að samnýta tímann). Við æfum okkur líka að setja upp myndasögur í manga stíl.

Námsmat: Nemendur halda rafræna ferilmöppu með lista yfir lesnar bækur og myndum af verkum sínum. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.



Mood board - Innanhússhönnun

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur hanna sín eigin rými með því að klippa út og raða saman myndum úr timaritum á plakat. Huga þarf að litasamsetningu, efnisvali, gerð húsgagna og hvert hlutverk rýmisins er þegar þau eru sett saman á stemmingsspjald (e. mood board).

Markmið:

- Við lok lotunnar getur nemandi:
- Þekkt áhrif lita á rými
- Þekkt ólík efni sem notuð eru í vefnaðarvörur og húsgögn
- Unnið sjálfstætt að hönnun á eigin rými
- Sett fram eigin hugmyndir á skapandi hátt

Kennslutilhögun: Kennsla fer fram með sýnikennslu og verkefnavinnu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Origami

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Lýsing: Við búum til alls konar myndir og fígúrur úr pappír.

Markmið:



Stapaskóli

- Að nemendur kynnist origami og hversu fjölbreyttar myndir hægt er að búa til úr pappír.
- Að nemendur séu forvitnir og duglegir að prófa sig áfram við gerð origami.

Kennslutilhögun: Nemendur fá kynningu á origami og geta síðan valið sér verkefni til að vinna. Byrjað verður á einföldum verkefnum (servíettubrot, skutla, kassar o.fl.) en duglegir nemendur geta prófað eins margt og flókið og þeir vilja (svanur, froskur, dreki).

Námsmat: Nemendur halda rafræna ferilmöppu með myndum af verkum sínum. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.

ORKA & TÆKNI

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur kynnist fjölbreyttum störfum sem iðnog tækninám hefur uppá að bjóða. Kynnst starfsemi veitufyrirtækja og fræðast um vatn, hitaveitu og rafmagn auk þess að öðlast þekkingu á umhverfismálum sem snúa að auðlindum. Námið er bæði bóklegt og verklegt og er að miklu leiti hjá HS Veitum.

Kennarar eru iðn- og tæknimenntað starfsfólk hjá HS Veitum.

Markmið: Að auka áhuga nemenda á iðnámi og fá þekkingu á umhverfismálum sem snúa að auðlindum.

Kennslutilhögun: Kennt er utan skóla, hjá HS Veitum auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

ATH. Áhugasamir skrá sig á valgreinablað en auk þess þarf viðkomandi að senda umsókn á valfag@hsveitur.is sjálfur þar sem fram kemur nafn, skóli, aldur, af hverju ORKA & TÆKNI, áhugamál og annað sem þau vilja koma á framfæri. Öllum umsóknum verður svarað.

Rafípróttir/ Esports

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Megintilgangur er að kynna hugtakið rafípróttir fyrir nemendum og hjálpa þeim að öðlast meiri skilning á hugtökum sem tengjast þeim.

Kennslutilhögun: Farið verður yfir margar tegundir af rafípróttum frá mismundandi sjónarhornum og þær kynntar fyrir nemendum. Lögð er áhersla á hvernig rétt hugarástand og líkamleg hreyfing getur spilað stóran þátt í rafípróttum. Aðal áhersla verður lögð á leiki í PS5, en þá má helst nefna FIFA, NBA, bílaleiki og fleira. Einnig verður kynnt fyrir nemendum Lenovo deildina, rafípróttalið á Íslandi og Stöð 2 Esport.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Stapaskóli

Skákval - Lærðu að tefla

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið:

- Að nemendur læri mannganginn.
- Að nemendur geti teflt sér til gagns og gamans.
- Að nemendur fræðist um sögu íþróttarinnar.
- Að nemendur fá fræðslu um skáksögu okkar og helstu afrek.
- Að nemendur læri 2 - 3 byrjanir með hvítum og svörtum
- Að nemendur geti leyst einfaldar skákþrautir
- Að kynna og kenna nemendum að nota skák vefi til þjálfunar og keppni.

Kennslutilhöfum: Wakelet - flipgrid - skákveggur sem settur er upp þar sem ALLT fer inná sem bjargir fyrir nemendur, sömuleiðis notað til að leggja inn og segja frá.

Notum einnig skákvefi eins og lichess.org til að auka skilning nemenda.

Námsmat: Metið hvort að nemandi sýni áhuga og nái að öðlast ágæta grunnfærni.

Nemandi fær skirteini að lokum til staðfestingar á þátttöku sinni. Lokið/ólokið.

Skrautskrift

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur læra form og lögun skrautskriftar með æfingum frá kennara. Farið er yfir mismunandi útlit og aðferðir við skrautskrift. Horft er til áhalda sem nota má við skrautskrift og ýmis áhöld prufuð. Í kjölfarið læra nemendur að útbúa sína eigin bók sem inniheldur skrautskrift á fyrstu síðu. Miðað er að því að nemendur geti útbúið sína eigin skrautskrift með skreytingum eftir eigin höfði.

Markmið: Að nemendur öðlist hæfni í skrautskrift og skilji það ferli sem á sér stað við einfalda bókbindingu.

Kennslutilhögun: Verkleg vinna í kennslustundum, innlagnir, fyrirlestrar, myndrænar leiðbeiningar. Mest áhersla er á sjálfstæða vinnu nemenda þar sem þeir skila inn æfingabók í lokin.

Námsmat: Leiðsagnarmat. Lokaeinkunn lokið/ólokið.

Slökun og heilsa

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Að nemendur fái tækifæri til að efla þekkingu sína og færni í að velja heilbrigðan lífstíl. Nemendur læra um áhrif svefns, mataræðis og lífsstíls á heilsuna og læri fjölbreyttar leiðir til að efla heilsu með slökun og hugleiðslu.

Námsmat: Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.

Starfskynningar

Tvær kennslustundir á viku (lota 3).

Stapaskóli

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Við heimsækjum nokkra vinnustaði í Reykjanesbæ, fáum stuttar kynningar frá starfsfólki og vinnum hagnýt verkefni. Með þátttöku í starfskynningum er hægt að ná persónulegu samtali við fólk sem brennur fyrir starfsstéttina sína og segir okkur allt um kosti og galla þess að starfa við fagið.

Markmið: Við heimsækjum nokkra vinnustaði með það að markmiði að dýpka þekkingu og skilning á ólíkum starfsstéttum. Nemendur vinna sínar eigin áherslur og markmið í upphafi og fylgja þeim eftir í gegnum lotuna. Sérstök áhersla er á að vinna með gildi og framtíðarsýn.

Kennslutilhögun: Kennsluáætlun verður dreift í upphafi lotu. Kennsla og starfskynningar fara fram eftir hádegi á miðvikudögum, nema annað komi fram í kennsluáætlun. Í heimsóknnum fáum við stutta kynningu á vinnustaðnum og vinnum hagnýt verkefni.

Námsmat: Er unnið með sjálfsmati, jafningjamati og leiðsagnarmati. Sérstaklega er metin þátttaka, frumkvæði og samvinna.

Stuttmyndagerð

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur kynnast gerð stuttmynda. Farið í helstu grunnatriði, allt frá því að hugmynd fæðist í það þegar myndin er fullbúin. Farið í handritaskrif, söguborð, leik, sjónarhorn, kvikmyndatöku, lýsingu, hljóð, brellur og klippingu.

Markmið: Að nemendur geti:

- Að nemendur læri grundvallaratriði í kvikmyndagerð: handritsgerð, undirbúning, upptökur og leik, hljóðsetningu og klippingu.
- Að nemendur vinni með öðrum á jákvæðan hátt.
- Að nemendur skapi og skili fullbúinni stuttmynd.

Kennslutilhögun: Handtök við kvikmyndagerð eru kennd í stuttum innlögnum og með æfingaverkefnum. Nemendur vinna að gerð stuttmynda sem skilað er sem lokaverkefni.

Námsmat: Lokaverkefni nemenda er metið til hæfni. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólókið.

Stærðfræðigrunnur – Almenn brot

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Markmið: Markmið áfangans er að nemendur bæti sig í stærðfræði með því að styrkja hjá sér grunninn í Almennum brotum og talnaskilningi.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum í kennslustundum.

Námsmat: Ástundun, virkni í kennslustundum og verkefnaskil. Hæfniviðmið úr stærðfræði á unglingastigi metin í Mentor. Lokið/ólókið.

Stapaskóli

Spilastokkurinn

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur læri að spila fjölbreytt spil með spilastokknum, t.d. Forseta, Laumu, Þjóf, Gúrka, Skitakall, Póker, Kana, Rommý o.fl. með tengingu við líkindareikning.

Markmið: Að nemendur efli rökhugsun og jafnvel að auka spilaáhuga nemenda.

Kennslutilhögun: Verkefni unnin í kennslustundum og stundum heimavinna að prófa spil heima og spila við fjölskyldumeðlimi.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið/ólokið.

Spænska

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Farið verður vel yfir helstu grunnatriði í tal- og ritmáli spænskrar tungu.

Markmið: Lögð verður áhersla á lestur, hlustun, ritun og tal. Í lok náms hafa nemendur náð tökum á: lestur á einföldum texta, skilið einfalt hlustunarefni, ritað einfaldan texta og notað einföld orðasambönd og setningar.

Kennslutilhögun: Hlustunarefni, textar, verkefni og annað efni frá kennara.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið/ólokið.

Undirbúningur ökunáms

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur fræðast um að hverju þarf að huga áður en bílprófið er tekið. Fjallað verður um umferðarmenningu, umferðarreglur og -merki. Verkefni verða unnin til að skoða kostnaðinn við að taka bílprófið og reka bíl. Áhrif umferðar á umhverfið og mannlíf verða skoðuð.

Markmið:

- Að nemendur þekki og skilji þá ábyrgð sem fólk ber í umferðinni.
- Að nemendur þekki algengustu umferðarreglur og umferðarmerki.
- Að nemendur þekki í hverju bílprófið felst og hvaða gerðir ökuþróa eru til.
- Að nemendur reikni út kostnað við bílprófið og að reka bíl.
- Að nemendur vinni með öðrum á jákvæðan hátt.

Kennslutilhögun: Í kennslustundum verður kennari með fræðslu og leggur verkefni fyrir nemendur. Verkefni verða unnin í kennslustofunni en einnig úti í umferðinni. Námsefni er bókin Allir spenntir auk efnis frá kennara.

Námsmat: Nemendur safna verkefnum sínum og námsmati í ferilmöppu. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólokið.

Púsl og hugleiðsla



Stapaskóli

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Nemendur kynnast púslum sem er góð æfing í hugarró. Slökun þar sem farið verður yfir helstu aðferðir slökunar og hvernig hægt sé að nýta hana í amstri dagsins.

Markmið: Að nemendur þjálfist í að róa hugann og útiloka áreiti, m.a. símann sinn.

Kennslutilhögun: Verklegar æfingar.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið/ólakið.

Þýska

Tvær kennslustundir á viku.

Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Farið verður vel yfir helstu grunnatriði í tal- og ritmáli þýskrar tungu.

Markmið: Lögð verður áhersla á einföld grunnatriði sem varða almenn samskipti fólks í milli sem og sögu lands og þjóðar. Grunn orðaforði, litir, tölur, matur og fjölskyldan

Kennslutilhögun: Verkefni úr verkefnahefti unnin í kennslustundum, spil og verklegar æfingar.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið/ólakið.